



## TILLAGA

---

### ***Fundur mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs 8. september 2022; Tillaga fulltrúa Flokks fólksins:***

Flokkur fólksins leggur til að mannréttinda- og ofbeldisvarnaráð beini því til Bílastæðasjóðs að fella niður gjöld á handhafa stæðiskorta hreyfihamlaðra í bílastæðahúsum. Árið 2019 voru ný umferðarlög samþykkt þar sem skýrt er kveðið á um að handhöfum stæðiskorta sé heimilt að leggja ökutæki í gjaldskylt bifreiðastæði án greiðslu og einnig að handhafar stæðiskorta megi aka eftir göngugötum. Samkvæmt 87. grein umferðarlaga er handhafa stæðiskorts skv. 1. mgr. heimilt að leggja ökutæki í gjaldskylt bifreiðastæði án sérstakrar greiðslu. Þetta er ekki virt í bílastæðahúsum þar sem greiða þarf fyrir öll stæði samkvæmt reglum Bílastæðasjóðs. Öryrkjabandalag Íslands bendir á að gjaldtaka í bílastæðahúsum sé ólögmæt samkvæmt 87. grein umferðarlaga. Hér eru lög og mannréttindi brotin á fötluðu fólki. Minnt er á minnisblað borgarlögmans þar sem fram kemur sú niðurstaða að að Bílastæðasjóði hafi verið óheimilt að taka gjald af handhöfum P-korta. Verið er að taka gjald af öryrkjum með stæðiskort þegar ekki á að gera það. Í núverandi gjaldskrá Bílastæðasjóðs segir að í bílastæðahúsum veiti stæðiskortin forgang til að leggja í sérmerkt stæði fyrir hreyfihamlaða en greiða þurfi þó fyrir stæðið eins og önnur stæði í húsinu. Þarna er ekki farið eftir 87. grein umferðarlaga. Með samþykkt tillögunnar væru réttindi hreyfihamlaðra virt. MSS22090059

Virðingarfyllst,  
Elísabet Pétursdóttir  
Miðlæg stjórnsýsla  
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa